

Þríhnúkar ehf  
Björn Ólafsson  
Markarflöt 5  
210 Garðabær



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. desember 2012  
Tilvísun: UST20121000105/ksj

## Umsókn um tímabundna heimild til uppsetningar á aðstöðu við Þríhnúka í Bláfjallafólkvangi

Vísað er til erindis Þríhnúka ehf. sem barst þann 15. október 2012 um tímabundna heimild til uppsetningar á búnaði til að auðvelda aðgengi að Þríhnúkagíg í Bláfjallafólkvangi sumarið 2013. Umhverfisstofnun óskaði eftir frekari gögnum dags. 9.nóvember sl. og bárust gögn frá framkvæmdaraðila dags. 16. nóvember sl.

Í erindi Þríhnúka ehf. kemur fram að líkt og undanfarin ár þá verði byggingakranabóma lögð þvert yfir gígopið, án nokkurs rasks á landi eða yfirborði. Sett verður upp aðstaða á svæðinu fyrir gesti og starfsmenn ásamt þurrsalernum með þvottaaðstöðu. Fráveita fer í þar til gerða tanka og er ekki veitt út í umhverfið. Búnaðurinn verður settur upp um miðjan maí og tekinn niður í byrjun september. Allt efni verður flutt á þyrlum til og frá svæðinu. Tilgangur með starfsemi Þríhnúka á svæðinu er m.a. að halda áfram með rannsóknir í gígnum í samvinnu við erlenda og innlenda háskóla. Þær rannsóknir sem áætlað er að fara í eru t.d. örverurannsóknir, breytingar á lofthita, raka og styrk koldíoxíðs í andrúmslofti. Að auki á að halda áfram að kynna gíginn og gefa ferðamönnum kost á því að fara niður. Að sögn framkvæmdaraðila má gera ráð fyrir því að heildarfjöldi gesta sem kom að gígnum árið 2012 hafi verið á bilinu 2200-2300 manns og er áætlað að á bilinu 2800-3400 manns muni heimsækja gíginn árið 2013.

Með erindi Þríhnúka ehf. fylgdi mynd af svæðinu sem sýnir að ekki hefur orðið rask á gígbarminum eftir að bóman var fjarlægð og er fullyrst að starfsemin skilji ekki eftir nein ummerki, fyrir utan gönguslóða sem myndaðist vegna umferðar fólks frá Bláfjöllum. Í erindi Þríhnúka ehf. er einnig óskað eftir samvinnu við Umhverfisstofnun um útfærslur á þeim slóða.


Bláfjallafólkvangur var friðlýstur árið 1973. *Um fólkvanginn gilda m.a. eftirfarandi reglur:*


*Óheimilt er að gera á svæðinu jarðrask nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til og er hvers konar mannvirkjagerð háð samþykki Umhverfisstofnunar.*

Umhverfisstofnun veitir hér með fyrir sitt leyti, leyfi til uppsetningar á búnaði til að auðvelda aðgengi að Þríhnúkagíg sumarið 2013 með eftirfarandi skilyrðum:

- Að ekki verði um jarðrask að ræða á svæðinu.
- Að allur frágangur að framkvæmd lokinni verði góður.
- Að gönguslóði frá Bláfjallavegi að Þríhnúkagíg sem myndast hefur verði afmarkaður og stikaður næsta vor í samvinnu við Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun bendir á að sums staðar þar sem stígurinn fer um mosafláka gæti þurft að setja upp palla eða annað til að koma í veg fyrir eyðileggingu mosa í hrauninu.
- Allt efni verði flutt til og frá svæðinu á þyrlu.
- Leyfi þetta gildir frá miðjum maí til byjun september 2013.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að öll vinna við staðsetningu búnaðar og móttöku ferðamanna verði þannig að umhverfisáhrif verði sem minnst.

Virðingarfyllt  
  
Kristín L. Árnadóttir  
Forstjóri

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

